

REGLUGERÐ

um skyldusparnað.

1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr. sbr. 7. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Félagsmálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá sparimerkjakaupum þeim aðilum, sem greiða starfsmönnum sínum laun með ávísunum, sem gerðar eru í skýrslugerðavélum, enda fylgi ávísunum sparimerkjamiði með tilgreindri upphæð, sem viðkomanda ber að greiða í skyldusparnað. Sparimerkjamiða þessa ber launaviðtakanda að líma á sparimerkjablað sitt í sparimerkjabókinni áður en hann afhendir það á pósthús.

Launagreiðendum, sem fá leyfi ráðuneytisins til útgáfu slíkra sparimerkja, ber að greiða heildarupphæð útgefinna sparimerkja til viðkomandi pósthúss, samtímis því að merkin eru gefin út. Greiðslum þessum ber að fylgja nákvæm skrá um viðtakendur slíkra merkja og skulu þær vera í þrítí og kvittar pósthúsið fyrir móttöku andvirðisins á eitt eintakið.

Ráðuneytið skal tilkynna póststjórninni um þá aðila, sem heimild hafa fengið til útgáfu slíkra merkja. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun, leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar, með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðar en síðasta dag febrúarmánaðar ár hvert, vegna slíkra tekna á næsta ári á undan. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði, eða öðrum hlunnindum, þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miða við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

3. gr.

Póststjórnin gefur út sparimerki og sparimerkjabækur, (að öðru leyti en því sem um getur í 2. gr.). Félagsmálaráðuneytið ákveður verðgildi sparimerkja.

Sparimerkjabók skal vera í líku formi og tékkhefti, þannig að hverju blaði bókarinnar, sem vera skal með riflínu, fylgi fastur stofn. Á stofni hvers blaðs, skal vera kvittana- og vottorðseyðublað, en sparimerki skal líma á hinn hluta blaðsins í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Á þeim hluta blaðsins,

sem sparimerki skal líma á, skal vera eyðublað fyrir vottorð póstmanns, sbr. 8. og 9. gr. Í vottorði þessu skal greina númer sparimerkjabókar, nafn bókar eiganda, nafnúmer og heimilisfang hans, hvort sparimerki hafi verið greidd samkvæmt undanþágu, og heimildar þá getið. Loks skal vera yfirlýsing póstmanns um að hann hafi sjálfur rifið sparimerkjablaðið úr bókinni.

Á titilblað bókarinnar skal eigandi hennar rita nafn sitt, heimili, fæðingardag og ár ásamt nafnnúmeri, þegar hann fær bókina hjá póstmanni og í viðurvist hans. Í sparimerkjabók skulu vera leiðbeiningar varðandi notkun hennar, svo og eyðublað fyrir vottorð um undanþágu frá sparnaðarskyldu. Sparimerkjabækur skulu vera tölusettar í áframhaldandi töluröð. Á kápu bókarinnar skal prenta áberandi áletrun um að vextir reiknist ekki af merkjunum fyrr en pósthúsið hefur kvittað fyrir móttöku þeirra.

4. gr.

Sparimerki skulu vera til sölu og sparimerkjabækur til afhendingar ókeypis í öllum póststofum og póstaftgreiðslum.

Pósthús skulu gefa ókeypis kvittun fyrir sparimerkjakaupum, stílaða á nafn kaupanda. Kvittun skal vera í þríriti. Skal póststjórninni sent eitt afrit og einu heldur pósthúsið eftir. Pósthús þessi skulu halda skrá í tvíriti yfir þá, sem fengið hafa sparimerkjabækur og skal sá, sem fengið hefur slíka bók, kvitta fyrir móttöku hennar á skrána. Á skrána skal færa nafn bókar eiganda, heimili hans, fæðingardag og ár, ásamt nafnnúmeri svo og tölusetningu bókarinnar.

Nú þarf bókar eigandi að fá nýja bók, og skal hún þá bera sömu tölusetningu og fyrri bók eða bækur hans.

5. gr.

Rétt til undanþágu frá þáttöku í skyldusparnaði eiga:

- a) Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám.
- b) Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja 25% af kaupi sínu, að fæði fráðregnu, í bústofnsaukningu.
- c) Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þúsund krónur skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Undanþágu samkvæmt þessum lið má veita allt að 6 mánuði aftur í tím-ann, miðað við útgáfudag undanþágu.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Slíkar undanþágur má þó eigi veita lengur en 6 mánuði aftur í tím-ann, miðað við útgáfudag undanþágu.

Skýrslur um þessar undanþágur skal senda húsnaðismálastjórn. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

6. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldusparnaði samkvæmt 5. gr. a. lið, geta snúið sér til lögreglustjóra eða hreppstjóra í heimilissveit sinni, en þeir sem rétt eiga til undanþágu samkvæmt 5. gr. b. og c. lið til hlutaðeigandi skattstjóra, og fengið vottorð þeirra um, að þeir séu undanþegnir skyldusparnaði um lengri eða skemmri tíma. Sama gildir, ef um er að ræða undanþágu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., nema ákvörðun skattstjóra hafi verið áfrýjað, en þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþág-

una. Vottorðið skal fært á þar til gert eyðublað í sparimerkjabók og dagsett af útgefanda.

Ef bókkareigandi er námsmaður, skal hann leggja fram vottorð skólustjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa staðfestum námssamningi.

Er lögreglustjóri, hreppstjóri eða skattstjóri hafa athugað, hvort hlutaðeigandi bókkareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, skulu þeir rita vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skulu þeir auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða upphafsstöfum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu um hver áramót láta húsnæðismálastjórn og hlutaðeigandi skattayfirvöldum í té skrá um þær undanþágur, sem veittar hafa verið. Skráin skal vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða.

7. gr.

Rétt til endurgreiðslu á skyldusparnaði eiga:

- a) þeir, sem náð hafa 26 ára aldri,
- b) gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
- c) þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa, svo og þeir, sem kaupa jarðir, eða byggja íbúðarhús á jörð og hefja búskap,
- d) útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Ef bókkareigandi hefur náð 26 ára aldri sbr. a. lið þessarar greinar, skal hann fá endurgreiðslu gegn framvísun aldursvottorðs.

Á sama hátt skal bókkareigandi, sem er giftur og hefur stofnað heimili sbr. b. lið þessarar greinar, framvísa giftingarvottorði sínu hjá endurgreiðsluáðila, er hann vill fá endurgreiðslu.

Sá, sem vill fá endurgreiðslu samkvæmt c-lið þessarar greinar, skal snúa sér til húsnæðismálastjórnar og framvísa eftirgreindum skilríkjum:

1. Þeir, sem kaupa íbúð eða jörð, skulu færa sönnur á það með framlagningu kaupsamnings.
2. Þeir, sem byggja íbúð til eigin þarfa, skulu leggja fram vottorð sveitarstjórnar um lóðarréttindi og vottorð byggingarfulltrúa um byggingarstig, samkvæmt nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé þessum skilyrðum fullnægt, veitir húsnæðismálastjórn umsækjanda heimild til endurgreiðslu á skyldusparnaði hans.

Þessi endurgreiðsluheimild leysir ekki hlutaðeigandi undan skyldu til að halda áfram þátttöku í skyldusparnaði samkvæmt ákvæðum laga þessara. Þó er húsnæðismálastjórn skylt, eftir að endurgreiðsla samkv. c.lið þessarar greinar hefur farið fram, að veita þeim aðilum undanþágu frá skyldusparnaði um eins árs skeið í senn, sem færa sönnur á það fyrir húsnæðismálastjórn með framvísun veðbókarvottorðs, að þeir séu enn íbúðareigendur.

Þeir, sem eru undanþegnir skyldusparnaði samkvæmt d.lið þessarar greinar geta snúið sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra, er þeir hverfa af landi hurt, og fengið vottorð hans um rétt til endurgreiðslu gegn framvísun farseðils til útlanda.

Að fullnægðum ofangreindum skilyrðum, skulu innlögð sparimerki þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, endurgreidd í veðdeild Landsbanka Íslands, en þeirra, sem búsettir eru annars staðar á landinu, í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, sbr. 15. gr.

Á sama hátt skulu pósthúsin endurgreiða réttihöfum þau sparimerki, sem ekki hafa verið lögð inn.

8. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði og framvísað þar sparimerkjabók sinni og óskað þess, að póstaftgreiðslumaður nemi brott úr bókinni blöð þau, sem eru með álimdum sparimerkjum.

Jafnan skal tæma sparimerkjabækur um hver áramót, og þó ekki síðar en 10. janúar ár hvert.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur, skal nema brott umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr., og undirrita það. Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag, áritað til póststjórnarinnar, og póstleggur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjäreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er mótttekið af póstmanni.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

9. gr.

Nú framvísar launþegi við launagreiðanda sparimerkjabók sinni, sem sýnir, að hann er undanþeginn skyldusparnaði, sbr. 5. og 6. gr., og skal þá eigi greiða honum með sparimerkjum.

Eftir að hafa athugað vottorð um undanþágu frá skyldusparnaði, sbr. 5. og 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, nemur póstmaður brott blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álimdum sparimerkjum, sem ekki hafa verið auðkennd, og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna. Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókarinnar og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr., og undirritar það. Slík sparimerkjablöð skal yfirstimpla með áletruninni: **Endurgreitt**. Um sparimerkjabókarblöð með álimdum auðkenndum merkjum, fer samkvæmt 8. gr.

Heimilt er póstmanni að synja um greiðslu sparimerkja samkvæmt grein þessari, ef hann telur vera um óeðlilega upphæð sparimerkja að ræða, nema fyrir liggja vottorð hlutaðeigandi skattstjóra um sparimerkjaeignina.

Endurgreidd sparimerkjablöð skulu síðan send póststjórninni með mánaðarskilgrein, sbr. 12. gr.

10. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar, og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

11. gr.

Glatist sparimerkjabók, en sparimerki hafa verið afhent pósthúsinu til áframsendingar og fjárhæðin lögð á sparimerkjareikning bókareiganda, getur húsnæðismálastjórn fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins stefnt til sín handhafa þessarar sparimerkjabókar með 6 mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnvaldauglýsingar hér á landi. Ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur Byggingarsjóður ríkisins eða Stofnlánadeild landbúnaðarins greitt þeim manni upphæðina, sem er skráður eigandi bókarinnar, þegar hann á rétt til endurgreiðslu samkv. reglugerð þessari, án þess að nokkur annar, er sparimerkjabókin kann að

hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur Byggingarsjóði ríkisins eða Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Kostnað af þessu ber bókkareiganda að greiða.

12. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar póstleggja skilagrein til póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 9. gr., og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilagreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilagreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilagreininni.

13. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði, og skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja, svo og sparimerkjablöð greiddra merkja, skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 2. mgr. 12. gr.

14. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 13. gr. Er henni berast sparimerkjabréf, sbr. 8. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupþúnum, skal ávaxtað í innlándsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, en þeirra, sem búsettir eru á lögbýlum utan kaupstaða og kaupþúna í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

Heimilt er að færa á sérstakan biðreikning innstæður á skyldusparnaðarreikningum, þar sem innstæðan er eingöngu vextir, sem reikningseigandi hefur ekki tekið út um leið og höfuðstólinn. Af slíkum innstæðum reiknast hvorki vextir né vísitöluuppbót. Ef slíkra innstæðna er ekki vitjað innan 20 ára, renna þær til Byggingarsjóðs ríkisins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins eftir því sem við á.

15. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á sérreikningi samkvæmt 14. gr., og hefur náð 26 ára aldri, stofnar til hjúskapar, verði það fyrr, eða kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. c. lið 7. gr., skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt samkvæmt 7. gr., með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var lagt inn, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsg. 5. gr. laga nr. 30 12. maí 1970. Sama gildir um endurgreiðslu til útlendinga skv. 7. gr. Nú andast maður, sem á fé á slíkum sérreikningi, og skal þá endurgreiða dánarbúinu spariféð með sama hætti. Krefjast má dánarvottorðs og vottorðs skiptaráðanda um hverjum megi greiða innstæðuféð.

Sparifjäreigendur skulu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nema samanlagt að minnsta kosti kr. 150 000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og Húsnæðismálastofnun ríkisins að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

16. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkvæmt 1. og 2. gr., þessarar reglugerðar, skal undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Fé þetta er einnig skatt- og útsvarsfriðlaust sem eign, og ekki framtalsskylt. Vextir af fé þessu eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfriðlaust.

17. gr.

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert, upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera upplýsingar, um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans, svo og upphæð þá, sem hann hefur keypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr.

Samkvæmt þessum gögnum skulu skattstjórar sannprófa hvort kaupgreiðendur og aðrir, sem skylt er að kaupa sparimerki samkvæmt 2. gr., hafi keypt sparimerki, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

18. gr.

Hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessarar reglugerðar, skal skylt að mæta, eða láta mæta, hjá skattstjóra með sparimerkjabók sína, eða senda hana með öðrum hætti, til þess að sannprófað verði, hvort hann hefur eignast sparimerki, svo sem vera ber, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Skattstjórar ákveða hvenær hlutaðeigendur skulu mæta, láta mæta, eða senda sparimerkjabækur sínar, samkvæmt grein þessari, og skal birta þá ákvörðun með þeim hætti, sem venjulegt er að birta opinberar auglýsingar á hverjum stað.

Sparimerkjabækur, sem berast skattstjóra samkvæmt grein þessari, skal skattstjóri endursenda bókareiganda, honum að kostnaðarlausu, að lokinni sannprófun, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Nú kemur í ljós, sbr. 17. og 18. gr., að sparimerkjakaup hafa verið vanrækt, og skal þá skattstjóri úrskurða gjald á hendur þeim, sem sekur er um vanrækslu, sem nema skal allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.

Þeim, sem vanrækir að mæta, láta mæta, eða senda sparimerkjabók sína, samkv. 18. gr., án lögmætra forfalla, skal gert að greiða allt að 200 króna gjald.

Skattstjórar skulu semja skrár í tvennu lagi yfir gjöld samkvæmt þessari grein, og skulu skrár þessar vera tvíritaðar. Annars vegar skal semja skrá yfir gjaldendur, sem ekki eru búsettir á lögbýlum. Samrit af þeirri skrá skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins, og gjöld samkvæmt henni skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hins vegar skal semja skrá yfir þá gjaldendur, sem búsettir eru á lögbýlum. Samrit af þeirri skrá skal senda Búnaðarbanka Íslands, og gjöld samkvæmt henni renna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Hitt eintak skráanna skal afhent innheimtu- mönnum gjaldanna, sbr. 20. gr.

20. gr.

Gjaldskrár, samkvæmt 19. gr., skulu liggja frammi almenningi til sýnis á sama stað og tíma og skrár um tekju- og eignarskatt. Kæra má til skattstjóra út af gjaldi samkvæmt 19. gr., með sama hætti og kæra má út af álögðum tekju- og eignarskatti.

Áfrýja má úrskurði skattstjóra til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld samkvæmt 19. gr. falla í gjalddaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur, og má innheimta þau með lög taki.

Innheimtu gjalda samkvæmt 19. gr. annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

21. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldu-sparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 25 000.00.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mál.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalds með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, sem hér segir:

Frá og með 1. febrúar 1971, skal lækka flutningsgjald í tollverði vöru um 50% frá raunverulegu flutningsgjaldi hverju sinni. Þó er lækkunarheimildin bundin við vöruflutninga til landsins í reglubundnu áætlunarflugi skv. tvíhliða loftferðasamningum. Enn fremur nær lækkunin eingöngu til flutningsgjalds þess hluta leiðarinnar, sem er eða getur verið samfelldur flutningur í þeirri flugvél, sem vöruna flytur til landsins. Það skilyrði er sett fyrir framangreindri lækkun, að vara sé tollafgreidd og tekin úr afgreiðslu flugfélaganna innan 15 daga frá komudegi flugvélarinnar til landsins.

Með gildistöku auglýsingar þessarar er felld úr gildi eldri auglýsing ráðuneytisins frá 21. júlí 1967.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1971.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.